

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 16.12.2024
Málsnúmer: 202411-0021
MH

Efni: Hringvegur um Hornafjörð - aukin efnistaka úr Fjarðará, matskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 15. nóvember 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna aukinnar efnistöku við Fjarðará í Lóni vegna framkvæmda við Hringveg um Hornafjörð.

Álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar við Hringveg um Hornafjörð lá fyrir árið 2009. Framkvæmdir eru í gangi og var framkvæmdaleyfi gefið út fyrir 49.900 m³ úr tveimur efnistökusvæðum, E16 og E17, á áreyrum Fjarðará. Í ljós hefur komið að þörf er á 20.000 m³ meira efni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um framkvæmdina, þar sem m.a. er gerð grein fyrir staðhættum, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Þar kemur fram að áhrif efnistökkunnar á vatnshlot og lífríki árinna og ásynd eru talin verða óverulega neikvæð. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar mun fyrirhuguð efnistaka að mestu leyti fara fram á lítt grónum eða ógrónum áreyrum þar sem vistgerðirnar eyðimelavist og auravist eru ríkjandi en þær eru með lágt til miðlungs verndargildi. Svæðið er ekki talið mikilvægt fuglasvæði.

Náttúrufræðistofnun telur að aukin efnistaka úr Fjarðará komi ekki til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og það er mat stofnunarinnar að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin leggur þó áherslu á að leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar varðandi efnistöku við ána verði fylgt að öllu leyti til að lágmarka áhrif á vatnshlot og lífríki árinna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur